



Fyrirvari

Þetta skjal er sett fram sem dæmi um verklagsreglur og er eingöngu ætlað til leiðbeiningar. Skjalið kemur ekki í stað þeirrar skyldu rekstraraðila að framkvæma eigið áhættumat og setja sér verklagsreglur sem taka mið af þeirra eigin starfsemi, ferðum, leiðum, hópastærð, búnaði og árstíðabundnum aðstæðum, í samræmi við gildandi lög og reglur.

Verklagsreglur – Gullni hringurinn

Gildissvið og tilgangur

Þessar verklagsreglur gilda um ferðir um Gullna hringinn með leiðsögn í hópferðabíl. Markmið þeirra er að tryggja örugga, samræmda og faglega framkvæmd ferða með því að lýsa verklagi við undirbúning ferðar, framkvæmd hennar og viðbrögð við atvikum.

Verklagsreglurnar taka mið af sérstöðu ferða um Gullna hringinn, þar á meðal miklum fjölda ferðamanna, fjölsóttum áfangastöðum, breytilegum veðurskilyrðum, umferðaráhættu, jarðhitasvæði og stuttum stoppum á mörgum stöðum.

Einkenni ferðar

- Akstur á milli áfangastaða og tíð inn- og útganga farþega úr hópferðabíl.
- Mikil og fjölbreytt umferð á leiðinni og á bílastæðum við áfangastaði.
- Fjölsóttir og oft þröngir áfangastaðir.
- Gönguleiðir með mismunandi undirlagi, m.a. malbik, mól, ójafnt undirlag og tröppur.
- Breytilegt veður og árstíðabundnar aðstæður, m.a. rigning, vindur, hálka og snjór.

Búnaður leiðsögumanns og í ökutæki

- Fullhlaðinn farsími með vistað neyðarnúmer.
- Fyrstu hjálpar búnaður sem hentar dagsferðum (sáraumbúðir, sótthreinsun, hanskar, verkjalyf og meðferð við blöðrum).
- Hjartastuðtæki (AED) til staðar í ökutæki, eftir því sem við á.
- Endurskinsvesti leiðsögumanns (eða sýnilegur yfirfatnaður) fyrir stopp við vegi og á bílastæði.
- Viðbragðsáætlun sem er aðgengileg í ferðinni.
- Fatnaður og skófatnaður við hæfi miðað við aðstæður.
- Teppi eða annar búnaður til að bregðast við ofkælingu, eftir því sem við á.
- Sandur eða sandpoki til bráðabirgða hálkuvana við inn-/útgöngu farþega þegar aðstæður krefjast.

- Mannbroddar eða annar sambærilegur hálkuvárnbúnaður, tiltækur þegar við á vegna aðstæðna (t.d. til láns).

Þekking og hæfni leiðsögumanna

- Góð þekking á leiðum og helstu áfangastöðum Gullna hringsins og aðstæðum á hverjum stað.
- Þekking á staðbundnum áhættum, m.a. umferð, hálku, jarðhitasvæðum, brún- og fallhættu.
- Viðeigandi menntun og/eða reynsla sem leiðsögumaður og hópstjóri.
- Gilt skyndihjálparskírteini (Fyrsta hjálp 1) og þátttaka í upprifjunarnámskeiðum eins og við á.
- Geta til að aðlaga dagskrá ferðar að veðri, færð, umferð eða öðrum öryggissjónarmiðum.

Fyrir brottför

- Yfirfara veðurspá og færð á vegum og tilkynningar um aðstæður á áfangastöðum
- Staðfesta að ferðaáætlun sé sveigjanleg og hægt sé að aðlaga eða fella niður stopp ef aðstæður teljast óöruggar.
- Yfirfara öryggi og aðgengi ökutækis (öryggisbelti, stigbretti/handrið, hreinlæti).
- Ganga úr skugga um að neyðarbúnaður sé til staðar og aðgengilegur (m.a. fyrstu hjálpar búnaður og hjartastuðtæki).
- Tryggja að upplýsingar um viðeigandi klæðnað hafi verið sendar til farþega (t.d. í staðfestingarpósti).

Við upphaf ferðar

- Kynna leiðsögumann og fara yfir dagskrá dagsins og áætlaðan tímaramma.
- Minna farþega á notkun öryggisbelta og ganga úr skugga um að allir farþegar séu spenntir í beltum áður en ekið er af stað.
- Útskýra helstu öryggisatriði: að halda sig með hópnum, sýna aðgát á bílastæðum og nærri umferð og virða girðingar, lokanir og viðvörðunarskilti.
- Veita hagnýtar upplýsingar um salernisaðstöðu, gönguvegalengdir, undirlag og aðstæður (m.a. hálku).
- Upplýsa farþega um að passa vel upp á eigur sínar á fjölsóttum stöðum (t.d. vegna vasabjófnaðar).

Á meðan á ferð stendur

- Leiðsögumaður stýrir inn- og útgöngu farþega úr hópferðabíl og minnir á að fara varlega, sérstaklega ef það er hálka.
- Bílstjóri/leiðsögumaður aðstoðar farþega við útgöngu þegar aðstæður krefjast (t.d. mikil hálka við dyr).
- Ef þörf er á, er sandi dreift tímabundið við inn-/útgöngu til að draga úr hálku.
- Tryggja yfirsýn og stjórn á hópnum í öllum stoppum og á gönguleiðum; hópur haldinn saman eftir atvikum.
- Telja þátttakendur fyrir og eftir hvert stopp og fyrir brottför.
- Minna á öryggisbelti að nýju eftir stopp, eftir þörfum.

- Fylgjast með farþegum m.t.t. kulda/veðurs (ofkæling) og bregðast við ef þörf krefur.

Staðbundin áhætta og leiðbeiningar á áfangastöðum

Eftirfarandi atriði eru dæmi um áherslur leiðsögumanns á helstu áfangastöðum ferðarinnar:

- Þingvellir: Hálka og ójafnt undirlag á göngustígum; brúnir og útsýnispallar. Áréttu að ekki megi fara yfir girðingar/afmörkun og halda sig á merktum stígum.
- Þingvellir (fjölmenni): Skilgreina samkomustað og áréttu að farþegi sem týnist fari í þjónustumiðstöð.
- Geysir: Jarðhitahætta (heitt vatn/gufa) – áréttu að halda sig á stígum, virða girðingar og sýna sérstaka varúð.
- Geysir: Umferð á svæðinu – minna á aðgát vegna akandi umferðar og að fylgja merktum gönguleiðum/gangbrautum þar sem við á.
- Gullfoss: Hálka og blautt undirlag á stígum og útsýnispöllum, sérstaklega vegna úða. Áréttu að fara ekki yfir girðingar/afmörkun og sýna sérstaka varúð við fossinn.

Atriði sem krefjast sérstakrar athygli

- Hrösun eða fall við inn- og útgöngu farþega úr hópferðabíl, sérstaklega í hálku.
- Hálka á bílastæðum, göngustígum, tröppum og útsýnispöllum.
- Fallhætta við brúnir og opið landslag; virða girðingar og afmörkun.
- Jarðhitahætta á Geysissvæðinu (heitt vatn og gufa).
- Hætta á vasapjófnaði á fjölsóttum stöðum – farþegar minntir á að passa eigur sínar.
- Hætta á að farþegi týnist í fjölmenni – samkomustaðir og talning hóps.
- Skyndilegar veðurbreytingar – aðlaga dagskrá og mat á áhættu.
- Við vetraraðstæður skal meta notkun mannbrodda eða annars hálkuvarnarbúnaðar. Þegar það á við skal slíkur búnaður boðinn eða látinn þátttakendum í té til að draga úr slysaþættu.

Komi upp atvik eða slys

- Fylgja viðbragðsáætlun fyrirtækisins og forgangsraða öryggi hópsins.
- Hafa samband við Neyðarlínuna 112 þegar við á.
- Veita fyrstu hjálp.
- Tryggja að hópurinn sé í öruggu umhverfi á meðan brugðist er við atviki.
- Skrá atvik í samræmi við verklag fyrirtækisins.

Endurskoðun og uppfærsla

Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar reglulega og uppfærðar eftir þörfum, til dæmis ef atvik eða næstum-slys eiga sér stað, aðstæður á leiðinni breytast, ný áhætta kemur í ljós eða breytingar verða á kröfum eða verklagi fyrirtækisins.